

## AUGLÝSING

### um breytingu á deiliskipulagi í Kjósarhreppi.

*Háls, deiliskipulagsbreyting.*

Í samræmi við 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 samþykkti hreppsnefnd Kjósarhrepps þann 7. október 2020 óverulega breytingu á deiliskipulagi Háls.

Deiliskipulagsbreytingin felur í sér breytingar á lóðamörkum þriggja lóða. Breytingar eru gerðar á lóðamörkum lóða nr. 7, 11 og 13. Deiliskipulagsbreytingin felur einnig í sér að byggingarreitum á lóð númer 9 við Hálsenda fjölgar frá einum í tvo. Þar með verður heimilt að reisa tvö frístundahús á lóðinni. Engar breytingar eru gerðar á öðrum skipulags- og byggingarskilmálum.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

*Kjósarhreppi, 18. nóvember 2020.*

**Sigurður H. Ólafsson**, skipulags- og byggingarfulltrúi.

---

B-deild – Útgáfud.: 2. desember 2020